

„Dauðleiddist í verkfallinu“

NÚ ER kennsla hafin í grunnskólum landsins á ný, eftir langt verkfall opinberra starfsmanna. Blm. og ljósm. brugðu sér í Langholtsskóla í Reykjavík í gær á meðan að frímínútur stóðu yfir og spjölludu við nokkra af nemendum skólans.

— sögðu nemendur Langholtsskóla

Sólveig Þorbjarnardóttir og Halldóra Guðlaug Helgadóttir, allar tólf ára. „Það er æðislega gaman að vera aftur komin í skólann,“ sagði Katrín Ásta. „mér leiddist svo mikið í verkfallinu. Ég lærði dálítið en lék mér mest og það getur verið þreytandi til lengdar.“ Halldóra Guðlaug tók í sama streng. „Ég er himinlifandi yfir því að vera kominn á skólabeck á nýjan leik. Ég lá veik í nokkra


„Æðislega gaman að koma aftur í skólann“

Fyrst rákumst við á þrjár vin-

konur úr sjötta bekk sem voru í boltaleik úti á skólalóðinni. Þær heita Katrín Ásta Gunnarsdóttir,



Hafliði Ragnarsson og Ingólfur Haraldsson.



Katrín Ásta Gunnarsdóttir, Sólveig Þorbjarnardóttir og Halldóra Guðlaug Helgadóttir.

daga í verkfallinu og leiddist því mikið. Þá var gott að hafa Katrínu Ástu vinkonu mína til að leika við,“ sagði Halldóra. Sólveig vinkona þeirra var svo lánsöm að geta verið í sveitinni sinni í Landssveit í verkfallinu, og einnig dvaldi hún um hríð hjá ömmu sinni sem býr á Selfossi. „Það er gott að vera í sveitinni, þar leiðist mér aldrei,“ sagði hún. „Hins vegar dauðleiddist mér þá fáu daga sem ég þurfti að dvelja í bænum í verkfallinu og var því fegin þegar

verkfallið leystist og kennsla hófst á ný,“ sagði Sólveig.

„Ágætt að vera kominn í skólann á ný“

Næstir urðu á vegi okkar tveir félgar úr níunda bekk, þeir Hafliði Ragnarsson og Ingólfur Haraldsson, báðir 15 ára. Hafliði sagðist hafa unnið í bakaríi föður síns í verkfallinu. „Það er ágætt að vera kominn í skólann, en frekar hefði ég viljað vinna áfram,“ sagði

„Get nú loksins opnað sýninguna“

STEINUNN Marteinsdóttir myndlistarkona opnar leirlistarsýningu sína í austursal Kjarvalsstaða í dag, en henni var meinað af verkfallsvörðum BSRB að opna sýninguna 27. október sl. eins og hún hafði ráðgert. Blm. spjallaði við Steinunni í vikunni um sýninguna og tildrög þess að ekkert varð af opnuninni um síðustu helgi.

„Verkin á sýningunni eru mest unnin á síðasta ári og það elsta frá 1981,“ sagði Steinunn. „Megnið af þeim eru unnin úr postulíni en nokkur eru úr steinleir. Sýningin ber mjög ljóst yfirbragð og er hvítur litur ríkjandi í verkunum. Mest er um lágmyndir sem límdar eru á

— segir Steinunn Marteinsdóttir sem sýnir að Kjarvalsstöðum

tréplötur, stórar veggskreytingar og tillögur að veggskreytingum. Þá eru einnig á sýningunni skálar og vasar úr postulíni og steinleir.

Ég hef vandað mjög til þessarar sýningar og hef meðal annars fengið Kristín Daníelsson, ljósameistara Þjóðleikhússins, til þess að sérlysa hana, sem hann hefur gert af

sinni alkunni snilld. Fékk ég til þess lánaða alla ljóskastarana sem notaðir voru á sýningunni BÚ '84 og kann ég forráðamönnum hennar bestu þakkir. Þá hef ég skipt sýningarsalnum niður með gashengjum í stað hinna hefðbundnu skilríma.“

— Hver voru tildrög þess að þér var meinað opnun sýningarinnar um síðustu helgi?

„Á Kjarvalsstöðum var allt í hers höndum á meðan á verkfallinu stóð og var mjög loðið hvað gera mátti í húsinu og hvað ekki. Listamönnum þeim sem voru með sýningar í gangi þegar verkfall skall á var leyft að



Steinunn Marteinsdóttir við tvö verka sinna, ásamt sonardóttur sinni og nöfnu.

ljúka þeim. Öðrum listamönnum, þ.á.m. mér, var leyft að vinna að uppsetningu á sýningu sínum en ekki var veitt leyfi af hálfu verkfallsnefndar til þess að þær yrðu opnaðar.

Í byrjun síðustu viku ákvað ég, ásamt ædstu stjórn Kjarvalsstaða, að reyna að opna sýningu mína á tilsettum tíma, í þeirri von að verkfallið yrði leyst. Með hjálp góðra vina var um 1.500 boðskortum dreift og sýningin gerð klár til opunar. Á föstudegi vissi ég ekki betur en að hún yrði leyfð, en seint um daginn kom afdráttarlaus neitun frá verkfallsnefnd BSRB. Og þá var of seint að afboða opnunina enda bjóst ég við að verkfallsverðir hefðu hægt um sig, að minnsta kosti þar til að hún yrði afstaðin. Því trúði ég ekki mínum eigin augum, þegar flokkur verkfallsvarda umkringdi Kjarvalsstaði rétt fyrir opnun sl. laugardag og lokuðu húsinu. Skömmu síðar dreif að hundruð boðsgesta og margir vinir mínir voru mættir með blóm til að samgledjast mér á þessum degi.

Ég er mjög reið og sár út af þessum vinnubrögðum verkfallsnefndar BSRB og tel að það hefði engu breytt fyrir verkfallsverði að koma nokkrum klukkustundum seinna og loka á mig, í stað þess að eyðileggja opnunina. Gengi myndlistarsýningar ræðst nefnilega oft mikið af því, hve vel opnunin tekst. Það að ofsækja myndlistarmann sem er að opna sýningu er ekki til þess fallið að vekja samúð með verkfallsmönnum. Að mínu mati er þetta lýsandi dæmi um aðgerðir manna sem njóta þess að sýna vald og naut verkfallsvarsla BSRB dyggilegs stuðnings eins af starfsmönnum Kjarvalsstaða, sem var á fullu kaupum.

Nú verður sýningin formlega opnuð á vegum Kjarvalsstaða. Ég er mjög þakklát stjórn Kjarvalsstaða fyrir velvild í minn garð í þessu máli og að lokum vil ég bera kveðju mína og þakklæti öllum þeim sem mættu við þessa sögulegu opnun um síðustu helgi og vona að þeir láti sjá sig aftur, en sýningin stendur til 18. nóvember,“ sagði Steinunn að lokum.



Vonsviknum boðsgesti vísað frá Kjarvalsstöðum af verkfallsvörðum BSRB.